



Borgarráð

Tillögur stýrihóps um uppbyggingu leikskóla

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðar tillögur stýrihóps um uppbyggingu leikskóla, sem skipaður var af borgarstjóra með erindisbréfi dags. 2. janúar 2019. Um er að ræða áfangaskil stýrihópsins með endurskoðaðri heildaráætlun um fjölgun leikskólarýma til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Farið var í endurskoðun áætlunar í ljósi sérstaklega fjölmenns fæðingarárgangs árið 2021. Endurskoðuð heildaráætlun gerir ráð fyrir að leikskólarýmum fjölgi um allt að 1680 á árunum 2022 – 2025. Þar af verði allt að 850 ný leikskólarými tekin í notkun á árinu 2022 og til viðbótar opni um 830 rými á árunum 2023 til 2025.

Spá hópsins gerir ráð fyrir að hægt verði að bjóða öllum 12 mánað börnum vistun þann 1. september nk (2022) og eftir verða um 260 laus rými sem hægt er að bjóða börnum sem verða 12 mánaða í mánuðunum eftir það. Frekari fjölgun rýma sem áætlunin gerir ráð fyrir þýðir að enn betri staða verður haustið 2023. Ofangreindar spár byggja á fjölda lausra rýma, nýjum rýmum sem opna við uppbyggingu og fjölda barna bæði í sjálfstætt starfandi skólum og borgarreknum sem fara í skóla að hausti.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað til borgarráðs um endurskoðaða heildaráætlun Brúum bilið, dags. 20.02.2022.

Bréf til borgarstjóra um endurskoðaða heildaráætlun Brúum bilið, dags. 20.02.2022.

Reykjavík, 20. febrúar 2022

R16050104

Borgarráð

Tillögur stýrihóps um uppbyggingu leikskóla

Tillaga um nýja áætlun fyrir uppbyggingu leikskóla í borginni

Leikskólarýmum verði fjölgað um allt að 1680 á árunum 2022 – 2025. Ný áætlun gerir ráð fyrir að allt að 850 ný leikskólarými verði til á árinu 2022 og að þau rými sem eftir standa komi inn árin 2023 til 2025. Utan við 30m kr. þá eru þessi áform innan samþykkrar fimm ára fjárfestingaráætlunar Reykjavíkurborgar um uppbyggingu leikskóla fyrir tímabilið 2022-2026.

Endurskoðuð aðgerðaráætlun verkefnisins felur eftirfarandi í sér:

- Í stað fimm nýrra leikskóla verða þeir alls tíu, eða Kirkjusandur, Miðborg, Vogabyggð, Völvufell, Brákarborg/Kleppsvegur, Bríetartún, Safamýri, Múlaborg, Skerjafjörður, og Dalskóli.
- Til viðbótar verða opnaðir fjórir nýjir leikskólar, svokallaðar Ævintýraborgir, við Eggertsgötu, Nauthólsveg, Vogabyggð og Vörðuskóla. Að auki verða allt að 3 leikskólarútur teknar í notkun sem færanlegar leikskólaeiningar.
- Í stað viðbygginga og breytinga við fimm leikskóla verða þær við sex skóla, eða Funaborg, Laugasól, Hof, Kvistaborg, Sæborg og Seljakot.
- Í stað nýrra leikskóladeilda í færanlegu húsnæði við fjóra leikskóla verða þær við sjö til átta skóla, eða Gullborg, Hagaborg, Hof, Jöklaborg, Kvistaborg, Maríuborg, Seljakot og að líkindum við leikskóla í Breiðholti þar sem fýsileikakönnun stendur yfir.
- Húsnæði hefur verið breytt í 12 skólum til að koma fyrir alls 31 ungbarnadeild, auk þess sem búnaður hefur verið keyptur í aðra leikskóla borgarinnar sem gerir þeim klept að taka við ungbörnum.
- Í stað 166 nýrra plássu á sjálfstætt reknum leikskólum verði þau að lágmarki um 220, svo framarlega sem allir samningar ganga eftir.

Áætlað kostnaðarmat fjárfestinga vegna endurskoðaðrar áætlunar, fyrir árin 2022 til 2025, er 12,5ma kr. Gert er ráð fyrir þessum kostnaði í samþyktri fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar til ársins 2026, að undanskildum 30m kr. Í samþyktri áætlun er þá horft til liða um uppbyggingu leikskóla, sérliðar fyrir Völvufell og uppbyggingu á Ártúnshöfða árið 2026.

Rekstrarkostnaður vegna uppbyggingaráforma á tímabilinu 2022-2025 er sundurliðaður í meðfylgjandi töflu þar sem kemur fram að viðbótar rekstrargjöld á árinu 2022 vegna fjölgunar plássu eru áætluð ríflega 1,5 ma. Með frekari fjölgun plássu hækkar sá liður samhliða og verður þegar öll pláss hafa verið tekin í notkun árið 2026 um 4,5ma kr. á núvirði miðað við heilt rekstrarár og án rekstartengds stofnkostnaðar á fyrsta starfsári.

Rekstrarkostnaður sem ekki er þegar inni í ramma fjárheimilda árin 2022 til 2025 er eftirfarandi, og er þá búið að taka tillit til þess hvenær verklok eru áætluð:

| | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 |
|-------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| Nýr rekstrarkostnaður | 1.276.415.795 | 2.845.442.869 | 3.385.881.543 | 4.058.640.535 | 4.522.031.199 |
| Stofnkostnaður, einsk. | 280.000.000 | 100.000.000 | 80.000.000 | 40.000.000 | |
| Samtals | 1.556.415.795 | 2.945.442.869 | 3.465.881.543 | 4.098.640.535 | 4.522.031.199 |

Greinargerð með tillögu um uppbyggingu leikskóla

Í tillögu sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 14. nóvember 2018 var sett fram áætlun um uppbyggingu 700-750 leikskólarýma á næstu fimm árum, svo þjóða mætti öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist í Reykjavík fyrir lok árs 2023.

Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla var í framhaldi skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi dagsettu 4. janúar 2019. Í stýrihópnum sitja Skúli Þór Helgason (formaður), Alexandra Briem og Örn Þórðarson. Hlutverk stýrihópsins er að fylgja eftir framsettum hugmyndum um uppbyggingu leikskóla til ársins 2023, vakta vel framkvæmdir og tryggja að tíma- og kostnaðaráætlanir standist, ásamt því að vinna að endurskoðun áætlana þegar og ef forsendur breytast. Til samræmis við hlutverk stýrihóps er hér lögð fram endurskoðuð áætlun um verkefnið til samþykktar.

Þegar áætlarnir voru gerðar 2018 og samþykkt að fjölga leikskólarýmum um 700-750 á árunum 2018 til 2023 í því skyni að hægt væri að þjóða börnum leikskólapláss frá 12 mánaða aldri, var byggt á spá um þróun barnafjölda á leikskólaaldri og uppbyggingaráform borgarinnar. Gerði sú spá ráð fyrir að börnum á aldrinum 1-5 ára í Reykjavík myndi fjölga úr 7.367 á árinu 2018 í 8.025 á árinu 2024. Fyrirvari var gerður um stöðu mönnunarmála á hverjum tíma.

Í áætluninni sem samþykkt var árið 2018 var gert ráð fyrir 5,2ma kr. fjárfestingarkostnaði vegna þessara aðgerða á tímabilinu 2019 – 2023 og árlegur rekstrarkostnað var metinn 1,3-1,4ma kr. á þessu fimm ára tímabili.

Á tímabilinu 2018 til 17. janúar 2021 var fjárfestingarkostnaður við verkefnið bókfærður alls 2,7ma kr. Áætlaður heildar fjárfestingarkostnaður fyrir árin 2018 – 2025 er 15,2ma kr.


Ný spá um fjölda 1-5 ára barna

Á mynd 1 má sjá spána frá 2018, þann fjölda sem raungerðist og uppfærða spá um fjölda barna sem eru 12 mánaða og allt að sex ára aldri um áramót, til þess að meta þörf á frekar uppbyggingu. Fæðingarárgangar eru misstórir og því fara sum árin mörg börn upp í grunnskóla og önnur árin fá börn, eins koma sum árin stórir árgangar inn í leikskóla og önnur ár fámennir árgangar. Árið 2021 reyndist vera mjög stór árgangur og gera spár Hagstofu ráð fyrir að árgangurinn fæddur 2022 verði einnig fjölmennur.

Spáin frá 2018 tók talsvert mið af uppbyggingu og áformum um þéttingu byggðar í borginni. Nýju spárnar byggja annars vegar á hluta Reykjavíkur af heildarmannfjöldaspá Hagstofunnar fyrir Ísland (36%) og hins vegar á samsettri spá úr upplýsingum úr Þjóðskrá um öll börn sem eru fædd nú þegar og allt að 6 ára og eru með lögheimili í Reykjavík.

Þar sem spár byggja á talsverðri óvissu voru lág-, mið- og háspá Hagstofunnar frá 2020 skoðaðar. Í spánni sem hér er sett fram er mest horft til miðspárinnar þar sem hún virðist vera næst raunverulegum fjölda 2020 og 2021 en jafnframt er horft að einhverju leiti til lágspárinnar þar sem fyrri spár reyndust heldur lægri í raun.

Það sem myndin sýnir er að spáin frá 2018, raun barnafjöldi og svo uppfærð spá 2022 eru mjög líkar.




Mynd 1 Samanburður fyrri og nýrrar barnafjöldaspár

Þörf á frekari uppbyggingu

Til þess að átta sig á uppbyggingaþörf leikskóla þarf spár um fjölda barna en einnig upplýsingar um þau leikskólaláttur sem eru til staðar. Við gerð upprunalegrar áætlunar var miðað við fjölda leikskólaláttur árið 2017 þegar undirbúningur hefst. Það ár var deildum breytt til þess að geta tekið inn 12 mánaða börn og við þá breytingu var fækkað um þrjú börn á deild. Jafnframt var leikskólalátturum fækkað um 7% í tveimur áföngum með ákvörðun borgarráðs 18. mars 2018 til að draga úr álagi á starfsemi leikskóla, sem byggði á tillögum starfshóps um bætt vinnuumhverfi starfsfólks í leikskólum borgarinnar.

Í endurskoðaðri áætlun nú er tekið tillit til spár um fjölda barna og fjölda rekstrarleyfa í upphafi árs 2022. Spáin á mynd 2 sýnir þá nauðsynlega uppbyggingu til að öll börn 12 mánaða og eldri hafi aðgang að leikskóla. Í útreikningi er horft til þess fjölda barna sem leikskólar Reykjavíkur og sjálfstætt reknir leikskólar í Reykjavíkurborg hafa rekstrarleyfi fyrir. Í útreikningunum er gert ráð fyrir 99% nýtingu pláttur hjá leikskólum borgarinnar, en forsenda slíkrar nýtingar er að allt húsnæðið sé virkt og starfsmenn til staðar í öllum stöðugildum. Enn fremur er gert ráð fyrir að 85% pláttur í sjálfstætt reknur leikskólum nýtist börnum með lögheimili í Reykjavík.



Mynd 2 Spá um fjölda barna og leikskólapláss að teknu tilliti til byggingaráforma

Brotnu línurnar í spánni á mynd 2 sýna áætlaðan fjölda 1-5 ára barna í Reykjavík, annars vegar út frá meðal barnafjöldaspá og hins vegar lægri barnafjöldaspá. Spáin miðast við fjöldann um áramót en er sett svona upp því uppbygging á sér stað á árinu sem skilar sér í ákveðnum fjölda rekstarleyfa í lok ársins. Heila beina línan sýnir þann fjölda barna sem nú getur gengið í leikskóla samkvæmt rekstrarleyfum skólanna og heila bogna línan þann fjölda barna sem hefði aðgang að leikskóla í borginni ef áætlanir stýrihópsins komast til framkvæmdar. Samkvæmt þessum gögnum, og ef tímasetningar byggingaráformanna standast og mannráðningar takast, verða öll börn sem eru 12 mánaða eða eldri í Reykjavík þann 1. september komin með boð um leikskólapláss við almenna inntöku þá um haustið. Eftir það myndu öll börn sem verða 12 mánaða á tímabilinu september og fram í nóvember komast strax inn í leikskóla, en frá þeim tíma fer að myndast biðlisti aftur og vantar þá um áramótin 22/23 um 200 pláss til að öll börn 12 mánaða og eldri geti verið í leikskóla. Sá biðlisti hverfur, minnkar og stækkar til skiptis næstu árin, eftir því sem ný byggingaráform skila fleiri leikskólaplássum, elsti árgangur leikskólabarna færast upp í grunnskóla að hausti og eftir því sem fleiri börn ná 12 mánaða aldri.


Til samanburðar má sjá spá á mynd 3, en hún skoðar áætluð laus pláss þann 1. september 2022 og byggir á fjölda lausra rýma, nýjum rýmum sem opna við uppbyggingu og fjölda barna bæði í sjálfstætt starfandi skólum og borgarreknum sem fara í skóla að hausti. Fjöldi barna byggir á börnum á biðlista sem eru 9 mánaða og eldri og upplýsingum úr Þjóðskrá yfir þá sem eru með lögheimili í Reykjavík og eru 5-9 mánaða núna og hafa því náð 12 mánaða aldri 1. september.

Í þeirri spá kemur í ljós að það er hægt að bjóða öllum 12 mánaða börnum vistun þann 1. september 2022 og eftir verða um 260 laus rými sem hægt er að bjóða börnum sem verða 12 mánaða á næstu mánuðum. Að meðaltali verða um 140 börn í Reykjavík 12 mánaða í mánuði hverjum. Það þýðir að lausu plássin fyllast í nóvember og um 280 börn sem hafa náð 12 mánaða aldri verða komin á biðlista um áramót.

Sama spá var gerð fyrir haustið 2023 þar sem notast var við upplýsingar um þau börn sem eru fædd og verða 12 mánaða haustið 2022. Spáin byggir á þeirri forsendu að um 140 börn bætist við mánaðarlega, þó Hagstofan geri ráð fyrir ívið meiri fjölgun en þar sem fyrri spár Hagstofunnar reyndust heldur lægri í raun. Í spánni fyrir 2023 eru um 700 laus rými eftir að hausti, eftir að búið er að bjóða öllum 12 mánaða börnum pláss. Þessi rými munu nýtast börnum sem verða 12 mánaða í september 2023 til febrúar 2024, en þá mun aftur byrja að myndast biðlisti sem mun svo tæmast þegar stóra inntakan haustið 2024 á sér stað.

Spáin fyrir haustið 2022 var jafnframt gerð niður á borgarhluta.

Mynd 3 Áætlaður fjöldi lausra plássna í samanburði við fjölda barna 12 mánaða og eldri, að teknu tilliti til plássna sem losna og flutningsóska



Mynd 3 sýnir þannig líklegan fjölda barna sem verða 12 mánaða og eldri þann 1. september 2022 annars vegar og hins vegar fjölda leikskólaplássa í borginni, þar sem búið er að taka tillit til uppbyggingaráforma stýrihóps, fjölda plássna sem ekki eru nú í notkun, plássna sem losna þetta haust vegna flutnings elstu barnanna úr leikskóla í grunnskóla og fyrirbyggjandi beiðna um flutning milli hverfa.

Á myndinni má sjá að ef uppbyggingaráform stýrihóps fram til haustsins 2022 ganga eftir tekst almennt vel að bregðast við þörf fyrir leikskólarými í borginni í heild, m.a. vegna fyrirhugaðrar þéttingu byggðar. Þannig mæta uppbyggingaráform leikskóla fyrirsjáanlegri þörf í Laugardal, Háaleiti-Bústaðum, Vesturbæ, Hlíðum, Miðborg, Grafarholti-Úlfarsárdal og Kjalarnesi. Í þremur hverfum þyrfti þó enn að bæta við leikskólaplássum, þ.e. í Árbae, Breiðholti og Grafarvogi, til að öll börn 12 mánaða og eldri eigi vísan aðgang að leikskóla. Í Grafarvogi stendur til að reisa viðbyggingu við leikskólann Funaborg sem áætlað er að opni í

árslok 2023 og mun fjölga plássum þar um 60. Í Árbæ er frávikið smávægilegt, en þar og í Breiðholti mun stýrihópur rýna möguleika á fjölgun plássna með nýjum leikskóladeildum við starfandi leikskóla. Í öðrum hverfum borgarinnar væru öll börn 12 mánaða og eldri komin með aðgang að leikskóla haustið 2022. Í borginni allri verða þá tæplega 200 laus pláss til staðar til að taka við börnum sem verða 12 mánaða á síðasta ársþriðjungi 2022. Áform stýrihóps fyrir árin 2023 til 2025 munu síðan bæta við fleiri leikskólaplássum og byggja upp almenna aukna getu innan borgarinnar til að bjóða börnum 12 mánaða og eldri leikskólavist.

Spá um aldur barna við inntöku á árunum 2022-2024

Meðalaldur barna sem hefja vistun haustið 2022 er rétt rúmlega 18 mánaða ef uppbyggingarpláss eru ekki fyllt fyrr en í ágúst, þegar búið er að taka út flutningsumsóknir og aðeins eru skoðuð börn á biðlista sem eru yngri en 3 ára. Ef aðeins eru skoðuð börn sem eru yngri en tveggja og hálfis árs á biðlista er meðalaldurinn rétt tæplega 18 mánaða. Ef áform um uppbyggingu standast öll áætlun er meðalaldurinn rúmlega 15 mánaða.

Meðalaldur barna sem tekin verða inn fram að stóru innrituninni 2023 er rúmlega 12 mánuðir, það er börnin komast flest inn 12 mánaða en byrja að bætast á biðlista í febrúar. Þau börn sem bætast á biðlistann fram í september 2023 verða um 800 alls og komast þá öll inn. Meðalaldur barna sem kemst inn í stóru innrituninni haustið 2023 verður um 15 mánaða.

Þetta miðar við að um 140 börn fæðist í hverjum mánuði, sem er eilítið lægri tala en Hagstofan gerir ráð fyrir. Þannig verða þá áætluð um 700 pláss laus eftir stóru innritunina í byrjun september 2023, sem hægt er að bjóða 12 mánaða börnum sem verða 12 mánaða fram í febrúar þegar biðlistar byrja að safnast upp. Þetta miðar jafnframt við að uppbyggingaráform sem eiga að skila nýjum plássum í nóvember og desember gangi eftir, annars myndu biðlistar byrja að safnast upp fyrr. Meðalaldur í stóru innrituninni 2024 ætti skv. þessum forsendum að vera tæplega 15 mánaða en aldurinn gæti þó verið lægri þar sem ekki er þar búið að gera ráð fyrir uppbyggingaráformum sem eru í vinnslu, því ekki eru enn komnar áætlaðar tímasetningar á það hvenær þeim framkvæmdum lýkur.

Spáin sýnir þannig að meðalaldur barna verður um 15 mánaða í stóru innrituninum 2022 til 2024, og þeirra sem tekin verða inn yfir vetrarmánuðina enn lægri, um 13,5 mánaða.

Rétt er að hafa þann fyrirvara að miklar breytingar geta orðið á mannfjölda, aldursamsetningu og hverfaskiptingu íbúa milli ára og því er talsverð óvissa í spám af þessu tagi. Aldursamsetning barna getur jafnframt haft áhrif á fjölda plássna í hverjum skóla. Einnig geta orðið tafir á verklokum, sem og staða mannaáðninga tafið inntöku barna. Spárnar taka jafnframt ekki mið af því ef húsnæði sem þegar er til staðar og þarf á meiri háttar viðhaldi að ræða sem kallar á tímabundna fækkun leikskólaplássna.

Uppbygging sem þegar er komin fram

Spár og útreikningar í minnisblaðinu miða við stöðuna um áramótin 2021/2022. Fyrir þann tíma var búið að opna nýjan leikskóla við Dalskóla, koma upp nýjum leikskóladeildum við Hof, Jöklaborg, Kvistaborg, Maríuborg og Seljakot og opna viðbyggingu við Seljakot. Jafnframt hafði fjölgað um 133 leikskólarými í sjálfstætt reknum leikskólum. Samhliða var komið á fót sérútbúnum ungbarnadeildum, alls 31, í flestum stærri leikskólum borgarinnar. Á árunum 2019 til 2021 voru því samtals tekin í notkun rúmlega 320 ný leikskólarými í

Reykjavík. Það sem af er árinu 2022 hafa síðan nýjar leikskóladeildir opnað við leikskólana Funaborg og Gullborg og nýr leikskóli í Ævintýraborg við Eggertsgötu tók til starfa þann 1. mars. Með þessu fjölga leikskólaplássum um ríflega 130 til viðbótar eða alls um 450 rými frá 2019.

Samhliða þeirri fjölgun leikskólaplássanna sem þegar eru komin til framkvæmdar hefur verið gerð gagnræð breyting á starfsumhverfi leikskóla, því gjörbreytt og búið að starfsmönnum með þeim hætti sem nútíma leikskólastarf kallar eftir.

Á árinu 2022 er áætlað að ljúka frekari framkvæmdum við Múlaborg, Laugasól, Safamýri, Hagaborg, Brákarborg/Kleppsveg, Bríetartún og ótilgreindan leikskóla í Breiðholti og að auki verður komið upp þremur nýjum færanlegum leikskólum við Nauthólsveg, Vogabyggð og Vörðuskóla auk leikskólarútu við leikskólann Sunnuás. Viðræður eru jafnframt í gangi við sjálfstætt starfandi leikskóla um fjölgun leikskólaplássanna. Samtals er fyrirsjáanlegt að fjölga muni um allt að 850 leikskólapláss á árinu 2022.

Af þeim framkvæmdum sem eru á áætlun árið 2022 eru fjórar svokallaðar Ævintýraborgir, sem eru færanlegir leikskólar. Ævintýraborgirnar eru hugsaðar sem 3-5 ára úrræði, sem nýjar framkvæmdir í Vogabyggð og Skerjafirði muni síðan m.a. leysa af og er þá viðbúið að Ævintýraborgir í þeim hverfum verði teknar niður og eftir atvikum fluttar í önnur hverfi til að mæta eftirspurn þar sem hún er mest. Miðað við þær barnafjöldaspár sem nú hafa verið gerðar má ætla að þörf verði á Ævintýraborgunum á meðan stóru árgangarnir 2021 og 2022 klára leikskólann, sem verður árin 2026 og 2027. Ef fæðingarárgangar halda áfram að vera stórir, eða raunfjöldi barna verður annar en spárnar gera ráð fyrir, má taka Ævintýraborgirnar út fyrir eða láta þær standa lengur.

Framkvæmdir í vinnslu eða á áætlun

Uppbyggingaráætlun stýrihóps má sjá hér á eftir, skipt upp eftir tegund framkvæmdar. Fyrir hvert verk má sjá áætlaðan fjölda nýrra barna og starfsmanna, áætluð verklok, í hvaða borgarhluta verkið er, áætlaðan fjárfestingarkostnað á árunum 2022-2025 og áætlaðan árlegan rekstrarkostnað á núvirði og miðað við heilt starfsár.

Í tölum um fjölda nýrra plássanna þar sem eldra leikskólahúsnæði verður lagt af þegar nýtt tekur við, hjá Miðborg og Völvufelli, eru einungis tilgreind þau viðbótar pláss sem verða til.

Verk þar sem starfsemi er hafin er lokið og er því ekki sýndur kostnaður fyrir þau, utan við Gullborg, Funaborg og Ævintýraborgina Eggertsgötu sem lauk á fyrstu vikum 2022 og var því eftir að bókfæra einhvern kostnað. Skólar sem eru stjórnumerktir (*) eru í húsnæði sem leigt er af þriðja aðila og er leigukostnaður ekki inni í fjárfestingaráætluninni.

| Nýir leikskólar | Borgarhluti | Staða verkefnis 01.03.2022 | Fjölgun barna | Fjölgun starfsm. | Áætl. verklök | Áætlaður fjárfestingarkostnaður 2022-2025 | Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður, ný pláss |
|-----------------------------|----------------------------------|-------------------------------|------------------|---------------------|------------------|---|--|
| Dalskóli | Grafarvogur, Grafarholt og Árbær | Starfsemi hafin | 90 | 20,09 | 2020 | | |
| Safamýri | Laugardalur Háaleiti | Framkvæmdir standa yfir | 80 | 19,15 | 2022 | 940.000.000 | 202.206.835 |
| Brákarborg/Kleppsvegur | Laugardalur Háaleiti | Framkvæmdir standa yfir | 120 | 26,78 | 2022 | 640.000.000 | 303.310.253 |
| Múlaborg* | Laugardalur Háaleiti | Framkvæmdir standa yfir | 60 | 13,39 | 2022 | 36.000.000 | 198.852.743 |
| Bríetartún* | Vesturbær og Hlíðar | Framkvæmdir standa yfir | 60 | 13,39 | 2022 | 40.000.000 | 198.852.743 |
| Kirkjusandur/Hallgerðargata | Laugardalur Háaleiti | Framkvæmdir standa yfir | 60 | 14,54 | 2023 | 450.000.000 | 198.582.743 |
| Miðborg | Vesturbær og Hlíðar | Í hönnun | 87 | 19,38 | 2023 | 1.700.000.000 | 219.899.933 |
| Vogabyggð | Laugardalur Háaleiti | Í frumathugun | 150 | 34,98 | 2024 | 1.300.000.000 | 353.861.962 |
| Skerjafjörður | Vesturbær og Hlíðar | Í frumathugun | 150 | 34,98 | 2025 | 1.300.000.000 | 505.517.088 |
| Völvufell | Breiðholt | Í undirbúningi | 56 | 13,73 | 2025 | 1.645.000.000 | 141.544.785 |
| Samtals | | | | | | 8.051.000.000 | 2.322.629.085 |

| Ævintýraborgir og leikskólarútur | Borgarhluti | Staða verkefnis 01.03.2022 | Fjölgun barna | Fjölgun starfsm. | Áætl. verklök | Áætlaður fjárfestingarkostnaður 2022-2025 | Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður, ný pláss |
|----------------------------------|----------------------|-------------------------------|------------------|---------------------|------------------|---|--|
| Ævintýraborg Eggertsgata | Vesturbær og Hlíðar | Starfsemi hafin | 80 | 17,85 | 2022 | 121.000.000 | 202.206.835 |
| Ævintýraborg Nauthólsvegur | Vesturbær og Hlíðar | Framkvæmdir standa yfir | 100 | 22,32 | 2022 | 184.000.000 | 252.186.579 |
| Ævintýraborg Vogabyggð | Laugardalur Háaleiti | Í hönnun | 100 | 22,32 | 2022 | 245.500.000 | 252.186.579 |
| Ævintýraborg Vörðuskóla | Vesturbær og Hlíðar | Í undirbúningi | 60 | 13,39 | 2022 | 158.700.000 | 198.582.743 |
| Skólarútur | | Í undirbúningi | 48 | 10,75 | 2022-2024 | 209.500.000 | 126.379.272 |
| Samtals | | | | | | 918.700.000 | 1.031.542.008 |

| Viðbyggingar og breytingar | Borgarhluti | Staða verkefnis 01.03.2022 | Fjölgun barna | Fjölgun starfsm. | Áætl. verklök | Áætlaður fjárfestingarkostnaður 2022-2025 | Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður, ný pláss |
|----------------------------|----------------------------------|-------------------------------|------------------|---------------------|------------------|---|--|
| Seljakot | Breiðholt | Starfsemi hafin | 12 | 2,44 | 2021 | | |
| Funaborg | Grafarvogur, Grafarholt og Árbær | Starfsemi hafin | 20 | 4,06 | 2022 | 75.000.000 | 50.551.709 |
| Laugasól | Laugardalur Háaleiti | Í hönnun | 46 | 9,35 | 2022 | 500.000.000 | 116.268.930 |
| Kvistaborg | Laugardalur Háaleiti | Í hönnun | 40 | 8,13 | 2023 | 375.000.000 | 101.103.418 |
| Funaborg | Grafarvogur, Grafarholt og Árbær | Í hönnun | 60 | 12,19 | 2023 | 850.000.000 | 198.582.743 |
| Sæborg | Vesturbær og Hlíðar | Í frumathugun | 48 | 9,75 | 2024 | 550.000.000 | 121.324.101 |
| Hof | Laugardalur Háaleiti | Í frumathugun | 50 | 10,16 | 2024 | 660.000.000 | 126.379.272 |
| Samtals | | | | | | 3.010.000.000 | 714.210.173 |

| Nýjar leikskóladeildir | Borgarhluti | Staða verkefnis 01.03.2022 | Fjölgun barna | Fjölgun starfsm. | Áætl. verklök | Áætlaður fjárfestingarkostnaður 2022-2025 | Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður, ný pláss |
|------------------------|----------------------------------|-------------------------------|------------------|---------------------|------------------|---|--|
| Maríuborg | Grafarvogur, Grafarholt og Árbær | Starfsemi hafin | 12 | 2,44 | 2018 | | |
| Hof* | Laugardalur Háaleiti | Starfsemi hafin | 16 | 3,25 | 2019 | | |
| Jöklaborg | Breiðholt | Starfsemi hafin | 22 | 4,47 | 2019 | | |
| Kvistaborg | Laugardalur Háaleiti | Starfsemi hafin | 10 | 2,03 | 2019 | | |
| Seljakot | Breiðholt | Starfsemi hafin | 18 | 3,66 | 2019 | | |
| Gullborg | Vesturbær og Hlíðar | Starfsemi hafin | 27 | 5,49 | 2022 | 15.000.000 | 68.244.807 |
| Breiðholt | Breiðholt | Í undirbúningi | 30 | 6,1 | 2022 | 150.000.000 | 75.827.563 |
| Hagaborg | Vesturbær og Hlíðar | Í hönnun | 30 | 6,1 | 2022 | 150.000.000 | 75.827.563 |
| Samtals | | | | | | 315.000.000 | 219.899.933 |

| Ungbarnadeildir | Borgarhluti | Staða verkefnis 01.03.2022 | Fjölgun barna | Fjölgun starfsm. | Áætl. verklök | Áætlaður fjárfestingarkostnaður 2022-2025 | Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður, ný pláss |
|---|-------------|-------------------------------|------------------|---------------------|------------------|---|--|
| Búnaður í þegar starfandi skóla, til að breyta deildum | | | | | | 150.000.000 | |
| Samtals | | | | | | 150.000.000 | |

| Sjálfstætt reknir leikskólar | Borgarhluti | Staða verkefnis 01.03.2022 | Fjölgun barna | Fjölgun starfsm. | Áætl. verklök | Áætlaður fjárfestingarkostnaður 2022-2025 | Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður, ný pláss |
|------------------------------|-------------|-------------------------------|------------------|---------------------|------------------|---|--|
| Sjálfstætt reknir leikskólar | | | 218 | | 2019-2023 | | 233.750.000 |
| Samtals | | | | | | | 233.750.000 |

Ekki er gert ráð fyrir viðbótar rekstrarkostnaði vegna ungbarnadeilda, þar sem einungis er verið að breyta búnaði inni í starfandi leikskólum, til að þeir geti tekið við yngri börnum.

Lokaorð

Ef uppbyggingaráform stýrihóps ná fram að ganga mun aðgengi barna sem eru 12 mánaða og eldri að leikskólum borgarinnar stóraukast. Áformin ná yfir annan af þeim tveimur þáttum sem eru nauðsynlegir fyrir gott leikskólastarf, eða húsnæðisaðstöðuna.

Hinn þátturinn er gott starfsfólk sem reynslan hefur sýnt að er ekki alltaf auðfengið, þar sem nýliðun leikskólakennara hefur ekki haldið í við þörfina eftir að kennaranámið var lengt í 5 ár á sínum tíma. Stöðugildum í leikskólum borgarinnar mun þannig hafa fjölgað um u.þ.b. 400 þegar öllum þessum byggingaráform er lokið. Hér er rétt að hafa í huga að stöðugildum starfsfólks í leikskólum hefur fjölgað um 350 á undanförunum fjórum árum vegna aðgerða til að bæta vinnuumhverfi starfsfólks.

Til að liðka fyrir ráðningum var yfir 4ma kr. varið á árunum 2018 - 2021 í að bæta vinnuaðstæður í leikskólum og aðlaga þær að nútíma skólastarfi. Þetta er gjörbreyting á starfsaðstæðum leikskólastarfsmanna frá því sem áður var.

Nemendum í leikskólakennaranámi hefur jafnframt fjölgað í framhaldi af breytingum sem gerðar voru á náminu fyrir nokkrum árum og kjör leikskólakennara hafa batnað verulega á undanförunum áratug. Engu að síður er ráðning nýrra leikskólastarfsmanna töluverð áskorun. Í viðleitni til úrbóta samþykkti borgarráð, á fundi þann 6. janúar 2022, tillögu um aukinn stuðning við stjórnendur leikskóla. Tillögurnar fjalla annars vegar um að vekja aukna athygli á störfum í leikskólum og hins vegar að hlúa frekar að starfsumhverfinu og draga þannig úr starfsmannaveltu.

Samhliða uppbyggingu leikskóla í borginni þarf jafnframt að hlúa að dagforeldrum, sem um 400 börn dvelja hjá í dag, þar sem þeir munu áfram gegna mikilvægu hlutverki. Dagforeldrar munu þannig sinna þeim börnum sem ekki komast strax í leikskóla að loknu fæðingarorlofi foreldra, auk þess sem foreldrar eiga þá val um þjónustu leikskóla eða dagforeldra.

Reykjavík, 20. febrúar 2022
R16050104

Bréf til borgarstjóra um endurskoðaða heildaráætlun Brúum bilið

Stýrihópur um verkefnið Brúum bilið, sem borgarstjóri skipaði með erindisbréfi þann 2. janúar 2019, skilar með þessu erindi af sér endurskoðaðri heildaráætlun um fjölgun leikskólarýma til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla, eins og erindisbréf hópsins kveður á um. Stýrihópurinn skipa Skúli Helgason, formaður, Alexandra Briem og Örn Þórðarson.

Farið var í endurskoðun áætlunar í ljósi sérstaklega fjölmenns fæðingarárgangs árið 2021, þróun sem fyrirsjáanlegt er að muni halda áfram á árinu 2022. Endurskoðuð heildaráætlun gerir ráð fyrir að leikskólarýmum fjölgi um allt að 1680 á árunum 2022 – 2025. Þar af verði allt að 850 ný leikskólarými tekin í notkun á árinu 2022 og til viðbótar opni um 830 rými á árunum 2023 til 2025.

Endurskoðuð aðgerðaráætlun verkefnisins felur í sér eftirfarandi breytingar frá upphaflegri aðgerðaáætlun:

- Í stað fimm nýrra leikskóla verða þeir alls tíu, eða Kirkjusandur, Miðborg, Vogabyggð, Völvufell, Brákarborg/Kleppsvegur, Bríetartún, Safamýri, Múlaborg, Skerjafjörður, og Dalskóli.
- Til viðbótar verða opnaðir fjórir nýjir leikskólar, svokallaðar Ævintýraborgir, við Eggertsgötu, Nauthólsveg, Vogabyggð og Vörðuskóla. Að auki verða allt að 3 leikskólarútur teknar í notkun sem færanlegar leikskólaeiningar.
- Í stað viðbygginga og breytinga við fimm leikskóla verða þær við sex skóla, eða Funaborg, Laugasól, Hof, Kvistaborg, Sæborg og Seljakot.
- Í stað nýrra leikskóladeilda í færanlegu húsnæði við fjóra leikskóla verða þær við sjö til átta skóla, eða Gullborg, Hagaborg, Hof, Jöklaborg, Kvistaborg, Maríuborg, Seljakot og líkindum við leikskóla í Breiðholti þar sem fýsileikakönnun stendur yfir.
- Húsnæði hefur verið breytt í 12 skólum til að koma fyrir alls 31 ungbarnadeild, auk þess sem búnaður hefur verið keyptur í aðra leikskóla borgarinnar sem gerir þeim kleympt að taka við ungbörnum.
- Í stað 166 nýrra plássá í sjálfstætt rekrum leikskólum verði þau að lágmarki um 220, svo framarlega sem allir samningar ganga eftir.

Áætlað kostnaðarmat fjárfestinga vegna endurskoðaðrar áætlunar, fyrir árin 2022 til 2025, er 12,5ma kr. Gert er ráð fyrir þessum kostnaði í samþykktri fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar til ársins 2026, að undanskildum 30m kr. Í samþykktri áætlun er þá horft til liða um uppbyggingu leikskóla, sérliðar fyrir Völvufell og uppbyggingu á Ártúnshöfða árið 2026.

Rekstrarkostnaður vegna uppbyggingaráforma á tímabilinu 2022-2025 er sundurliðaður í meðfylgjandi töflu þar sem kemur fram að viðbótar rekstrargjöld á árinu 2022 vegna fjölgunar plássá eru áætluð ríflega 1,5 ma. Með frekari fjölgun plássá hækkar sá liður samhliða og verður þegar öll pláss hafa verið tekin í notkun árið 2026 um 4,5ma kr. á núvirði miðað við heilt rekstrarár og án rekstartengds stofnkostnaðar á fyrsta starfsári.

Rekstrarkostnaður sem ekki er þegar inni í ramma fjárheimilda árin 2022 til 2025 er eftirfarandi, og er þá búið að taka tillit til þess hvenær verklok eru áætluð:

| | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 |
|-------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| Nýr rekstrarkostnaður | 1.276.415.795 | 2.845.442.869 | 3.385.881.543 | 4.058.640.535 | 4.522.031.199 |
| Stofnkostnaður, einsk. | 280.000.000 | 100.000.000 | 80.000.000 | 40.000.000 | |
| Samtals | 1.556.415.795 | 2.945.442.869 | 3.465.881.543 | 4.098.640.535 | 4.522.031.199 |

Stýrihópurinn leggur til að endurskoðuð heildaráætlun verði samþykkt í borgarráði og kynnt í borgarstjórn í kjölfarið. Stýrihópur vekur ennfremur athygli á því að svo umfangsmikið og flókið verkefni krefst mikils af starfsmönnum umhverfis- og skipulagssviðs og skóla- og frístundasviðs. Æskilegt er að fjármagn einstakra framkvæmdaverkefna sem ætlað er í verkefnisstjórn og utanumhald sé notað til að styrkja starfsmannahald sviðanna á meðan á þessu átaki stendur.

Skúi Helgason, formaður stýrihóps um uppbyggingu leikskóla



Umsögn

Til: Borgarráðs


Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillögur stýrihóps um uppbyggingu leikskóla (brúum bilið) – umsögn FAS

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögur stýrihóps um uppbyggingaráætlun leikskóla. Um er að ræða tillögur sem snúa að frekari uppbyggingu leikskólaplássanna umfram það sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 14.nóvember 2018. Með tillögunum fylgir kostnaðarmat og greinargerð.

Um forsendur verkefnisins – barnafjöldaspá og uppbyggingarþörf

Ein af lykilforsendum verkefnisins er forsenda um fjöldaþróun 1-5 ára barna. Uppbyggingaráætlunin sem samþykkt var 2018 byggði á barnafjöldaspá sem tók talsvert mið af uppbyggingu og áformum um þéttingu byggðar í borginni. Nú hefur barnafjöldaspáin verið endurskoðuð og byggir nýja spáin í grunninn á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands og samsettri spá úr upplýsingum úr Þjóðskrá um öll börn 6 ára og yngri með lögheimili í Reykjavík. Eftirfarandi mynd sýnir eldri spá, uppfærða spá og miðspá Hagstofu Íslands.




Eins og sést á myndinni var barnafjöldi í ársbyrjun 2021 sambærilegur fjöldanum árið 2019 og er það talsvert undir væntum fjölda í fyrri spá en þar var gert ráð fyrir að fjöldi 1-5 ára barna árið 2021 yrði



7.773 börn. Skýrist það m.a. af því að fæðingartíðni á Íslandi hefur farið lækkandi á síðustu 10 árum. Hins vegar eru blikur á lofti um viðsnúning á þessari þróun og að börnum muni fjölga næstu árum og tekur nýja spáin mið af því. Þannig reyndist 2021 árgangurinn mjög stór og gerir spá Hagstofu ráð fyrir að árgangurinn 2022 verði einnig fjölmennur. Samkvæmt nýju barnafjöldaspánni mun 1-5 ára börnum í Reykjavík fjölga úr 7.395 árið 2021 í 8.845 árið 2026 eða sem nemur 19,6%.


Önnur lykilforsenda við mat á uppbyggingarþörf leikskólapláss er fjöldi rekstrarleyfa og nýting á plássum. Á síðastliðnum árum hefur rekstrarleyfum verið fækkað um 7% sem rekja má annars vegar til aðgerða til að bæta starfsumhverfi starfsfólks og hins vegar til fjölgunar ungbarnadeilda. Í dag eru samtals leikskólapláss m.t.t. rekstrarleyfa borgarrekinnna og sjálfstætt starfandi leikskóla um 6.731. Í uppfærðri uppbyggingaráætlun er gert ráð fyrir að fjöldi leikskólapláss fari stigvaxandi og verði 8.385 frá og með árinu 2026. Byggir það á þeirri forsendu að nýting í borgareknum leikskólum verði 99% af rekstrarleyfum og 85% pláss hjá sjálfstætt reknum leikskólum nýtist börnum með lögheimili í Reykjavík. Eftirfarandi mynd sýnir þróun leikskólapláss m.v. fyrirhugaða uppbyggingaráætlun og fyrrgreinda forsendu um nýtingu pláss.



Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt forsendur uppbyggingaráætlunarinnar og gerir ekki athugasemdir við aðferðarfræðina. Vakin er þó athygli á eftirfarandi atriðum í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um forsendur verkefnisins:




- Í fyrsta lagi er vakin athygli á því að mannfjöldaspá Hagstofu er gefin út fyrir landið í heild og er spáin yfirfærð á Reykjavík með því að nota núverandi hlutdeild Reykjavíkur í fjölda 1-5 ára barna. Uppfærð barnafjöldaspá byggir því á þeirri forsendu að hlutdeild Reykjavíkur verði sú sama áfram. Þar sem hlutdeild Reykjavíkur hefur verið nokkuð breytileg síðustu árin hefur fjármála- og áhættustýringarsvið stuðst í auknum mæli við mannfjöldaspá Byggðastofnunar sem unnin er niður á sveitarfélög. Spá Byggðastofnunar er hins vegar frá árinu 2019 og því orðin nokkuð gömul. Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun er verið að vinna uppfærða spá en þar sem sú spá liggur ekki fyrir er raunhæfast að byggja á mannfjöldaspá Hagstofunnar. Eftirfarandi mynd sýnir væntan barnafjölda skv. miðspá Hagstofu m.v. mismunandi forsendur um hlutdeild Reykjavíkurborgar. Ef hlutdeild Reykjavíkurborgar lækkar mikið frá því sem hún er í dag þá kallar það á endurskoðun uppbyggingaráætlunarinnar.




- Í öðru lagi er bent á að töluverð óvissa er í spá Hagstofu en eftirfarandi mynd sýnir lág, mið og háspá til ársins 2031. Eins og sést þá dregur talsvert í sundur með spánum eftir því sem líður á spátímabilið. Þannig er í lágspánni gert ráð fyrir að barnafjöldinn verði um 7.657 árið 2031 á meðan háspáin geri ráð fyrir 10.720 börnum sama ár. Spárnar eiga það þó sameiginlegt að gert er ráð fyrir að börnum muni fjölga til ársins 2026 en að fjöldinn verði síðan nokkuð stöðugur til ársins 2031. Í þessu ljósi er bent á að mikilvægt er að fylgjast vel með þróun á barnafjölda



næstu árin og endurskoða uppbyggingaráætlunina reynist raunin vera frábrugðin miðspánni.



- Í þriðja lagi er vakin athygli á að spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að aldrussamsetning þjóðarinnar muni breytast mikið á næstu áratugum. Þannig er í miðspánni gert ráð fyrir að fjöldi 1-5 ára barna muni ná hámarki í kringum 2030 en lækka svo eftir það og vera á bilinu 8.000-8.500 börn. Eðli málsins samkvæmt er mikil óvissa um þessa þróun og því er skynsamlegt að gert sé ráð fyrir færanlegum einingum í uppbyggingaráætluninni. Þannig er hægt að halda í sveigjanleika og bregðast við ef vænt íbúasamsetning borgarinnar breytist.



- Að lokum er vakin athygli á því að árið 2026 er gert ráð fyrir að 92% barna á aldrinum 1-5 ára verði í leikskóla. Þannig er gert ráð fyrir að um 8% eða 700 börn verði annað hvort hjá dagforeldrum eða kjósi ekki að vera í vistun. Er það sambærilegt við hlutfall vistunar í dag en verði þróunin önnur er mikilvægt að endurskoða uppbyggingaráætlunina.

Uppbyggingaráætlun og kostnaðarmat

Í upphaflegu uppbyggingaráætluninni var gert ráð fyrir að fjárfestingarkostnaður við 700-750 ný leikskólaláss yrði 5,2 ma.kr. og var árlegur rekstrarkostnaður metinn 1,3-1,4 ma.kr.

Í fyrirliggjandi tillögu hefur kostnaðarmatið verið uppfært og nú er gert ráð fyrir að heildarfjárfestingarkostnaður vegna verkefnisins verði 15,2 ma.kr. Þar af er búið að bókfæra á tímabilinu 2018-2021 um 2,7 ma.kr. og því er áætlað kostnaðarmat fjárfestinga árin 2022-2025 um 12,5 ma.kr. Búið er að gera ráð fyrir stærstum hluta þessa kostnaðar í gildandi fjárfestingaráætlun til ársins 2026.

Þá hefur kostnaðarmat vegna rekstrarkostnaðar einnig verið uppfært og er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður vegna verkefnisins muni vera 4,5 ma.kr. á ári þegar uppbyggingu er lokið. Eftirfarandi tafla sýnir árlegan rekstrarkostnað m.v. framvindu uppbyggingaráætlunarinnar.

| | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 |
|-------------------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|----------------------|
| Nýr rekstrarkostnaður | 1.276.415.795 | 2.845.442.869 | 3.385.881.543 | 4.058.640.535 | 4.522.031.199 |
| Stofnkostnaður, einsk. | 280.000.000 | 100.000.000 | 80.000.000 | 40.000.000 | |
| Samtals | 1.556.415.795 | 2.945.442.869 | 3.465.881.543 | 4.098.640.535 | 4.522.031.199 |



Eins og sést á töflunni þá er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður árið 2022 nemi 1,6 ma.kr. Í fjárhagsáætlun ársins hefur verið gert fyrir stórum hluta þessa kostnaðar en hins vegar hefur ekki verið tekið tillit til uppbyggingar áranna 2023-2026 nema að hluta í gildandi fimm ára áætlun. Í eftirfarandi töflu er að finna samanburð á nýrri rekstraráætlun á föstu verðlagi og fimm ára áætlun (án tillits til aðgerða). Kostnaður umfram áætlun árið 2023 nemur 480,5 m.kr. og verður 1.377,5 m.kr. árið 2026.

| | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 |
|------------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Nýr rekstrarkostnaður | 1.276.415.795 | 2.845.442.869 | 3.385.881.543 | 4.058.640.535 | 4.522.031.199 |
| Fimm ára áætlun | 1.276.415.795 | 2.364.979.430 | 2.882.972.714 | 3.144.585.483 | 3.144.585.483 |
| Kostnaðarauki m.v. fimm ára áætlun | - | 480.463.439 | 502.908.829 | 914.055.052 | 1.377.445.716 |

Niðurstaða

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt forsendur uppfærðrar uppbyggingaráætlunar og kostnaðarmat verkefnisins. Ljóst er að töluverð óvissa ríkir um barnafjöldaspá næstu ára og því er mikilvægt að uppbyggingaráætlunin sé endurskoðuð reglulega með hliðsjón af raunfjöldaþróun og uppfærðum mannfjöldaspám. Þá leggur fjármála- og áhættustýringarsvið áherslu á að nýting leikskólalássa taki mið af rekstrarleyfum og að forsendur um 99% nýtingu í borgarreknum leikskólum gangi eftir. Fylgja þarf því eftir með því að rýna innritunarferlið og tryggja ekki séu kerfislægir gallar sem hamla fullnýtingu.

Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um aldursamsetningu þjóðarinnar til næstu áratuga og um samsetningu íbúa eftir hverfum er mikilvægt að líta til þess að leysa einstaka álagstoppa með færanlegum leikskólaeiningum. Mun það draga úr fjárfestingarþörf til framtíðar.

Þá er bent á að einungis hefur verið gert ráð fyrir hluta af viðbótarrekstrarkostnaði vegna verkefnisins í gildandi fimm ára áætlun. Kostnaðarauki nemur á bilinu 480,5 m.kr. til 1.377,5 m.kr. sem dregur úr áætluðum afgangi tímabilsins sem því nemur.

Haldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs